

## Félagslegt umhverfi árangurs í íþróttum: Ný sóknarfæri?

Viðar Halldórsson, Ph.D.

Erindi flutt á ráðstefnunni:

Skipta íþróttir máli? Ráðstefna um stöðu íþróttanna í íslensku samfélagi  
Háskóla Íslands, 28. nóvember 2012.

Ég heiti Viðar Halldórsson - og ég er félagsfræðingur sem fjallar um íþróttir.

Flestir hvá við þegar ég segi þetta - því tengsl félagsfræði og íþróttanna eru ekki öllum ljós. Fólk veit í raun almennt ekki hvað félagsfræðingar gera.

Þegar ég var í grunnnámi í félagsfræði í þessum skóla - seint á síðustu öld - og hitti fólk á förnum vegi og sagði þeim að ég væri að læra félagsfræði - þá var vanalega svar þessa fólks að það gæti leitað til mín þegar það lenti í áföllum og vandræðum seinna í lífinu - og töldu þá að félagsfræði fjallaði eingöngu um félagsleg vandamál.

Ekki tók betra við þegar ég fór í framhaldsnám til Englands að læra íþróttafélagsfræði, þar sem fólk skildi það sem svo að ég væri að læra íþróttafélags - fræði, þ.e. fræði um íþróttafélög, en ekki íþróttanna - félagsfræði.

En félagsfræði snýst ekki einungis um vandamál - og íþróttafélagsfræði snýst ekki einungis um íþróttafélög.

Íslenskir félagsfræðingar hafa til að mynda staðið fyrir umfangsmiklum rannsóknum á undanförunum árum - á högum og líðan ungs fólks í íþróttum. Þær rannsóknir hafa sýnt fram á að íþróttir hafa ýmis uppeldisleg gildi í för með sér og það er oft hægt að líta á íþróttir sem forvarnir - í víðum skilningi þess orðs.

En íþróttafélagsfræði fjallar líka um íþróttalegan árangur - og það er það sem mig langar til að tala um í dag.

Samfélagið lítur gjarnan á árangur sem einstaklingsbundinn. Þ.e. að ákveðnir einstaklingar nái árangri vegna eigin ágætis. Oft er vitnað til lífeðlisfræðilegra eiginleika sem erfast manna á milli - þ.e. að einstaklingar fæðist með ákveðna hæfileika sem gera þeim kleift að ná afburðaárangri á ákveðnu sviði.

Þessar hugmyndir hafa verið þekktar um árabíl. Ekki einungis með árangur einstaklinga – heldur einnig varðandi ákveðna galla einstaklinga.

Til dæmis kom ítalski afbrotafræðingurinn Cesare Lombroso fram með hugmyndina um „fædda glæpamenn“ á seinni hluta 19. aldar. Hann taldi að það væri ákvarðað í genum einstaklinga hvort þeir myndu fremja glæpi – eða ekki.

Í íþróttum þá lítum við jafnan til einstaklingsbundinna eiginleika. Þessir eiginleikar geta verið líkamlegir – til dæmis að einhver sé sterkur að upplagi, eða fljótur - eða þeir geta verið hugarfarslegir – til dæmis að einhver hafi persónuleika sem hentar í íþróttina eða búi yfir miklu sjálfstrausti.

En við lítum sjaldnast til þess félagslega umhverfis sem í raun ákvarðar forsendurnar, veitir þessum einstaklingum tækifæri, og mótar og skapar þá eiginleika sem íþróttafólkið stendur svo fyrir - og eru svo sýnilegir almenningi.

Þetta skynjaði hinn merki félagsfræðingur, Robert K. Merton – fyrir ríflega 50 árum síðan – þegar hann skrifaði:

It is a matter of demonstrable fact that far more work by far more investigators has been devoted to the problem of identifying individual differences in capacity than to the correlate problem of identifying differences in social environments that evoke or suppress the effective development of identifiable aptitudes.

(Merton, [1960]1973, p. 424)

Í dag, rúmum 50 árum eftir að Merton benti á þetta – þá er þetta því miður enn staðan. Rannsóknir á árangri beinast fyrst og fremst að einstaklingsbundnum eiginleikum.

Rannsókn dr. Benjamin Bloom, sálfræðings við Chicago háskóla (frá 1985) – var ætlað að skoða einstaklinga sem náð höfðu afburðaárangri á ýmsum sviðum – í íþróttum, í listum, og í vísindum. Bloom var að leita að einhverjum samnefnara hjá þessu afreksfólki og leitaði í æsku þess – og samnefnarinn sem Bloom fann var – umhverfið. Hann setti niðurstöður sínar í samhengi með þessum orðum: “We were looking for exceptional kids and what we found were exceptional conditions” (Bloom, 1985).

Og rannsóknir sýna einmitt að árangur er oft staðbundinn. Árangur næst, í ákveðnum athæfum, á ákveðnum stað, á ákveðnum tíma, hjá ákveðnum hópi fólks. Þetta sýna m.a. rannsóknir á vísindamönnum, á frumkvöðlum, og á íþróttafólki.

Það að einn langhlaupari frá Kenía nái árangri á heimsvísu er kannski ekkert sérstaklega áhugavert frá félagsfræðilegu sjónarhorni – en þegar stór hópur langhlaupara frá Kenía, knattspyrnumanna frá Brasilíu, skíðamanna frá Sviss og Austurríki eða handboltamanna frá Íslandi – nær árangri á heimsvísu – þá erum við farinn að greina mjög merkilegt félagslegt fyrirbæri. Þar sem árangur á sér að einhverju leyti félagslegar orsakir.

Við Íslendingar höfum náð eftirtektarverðum árangri í íþróttum (og á fleiri sviðum, eins og í tónlist) og er ég mjög oft spurður af útlendingum – hvernig stendur á því að Íslendingar ná svona góðum árangri í íþróttum – svo fámenn þjóð. Það sama mátti kannski greina í umfjöllun um íslensku útrásarvíkingana – fyrir hrún.

En það er bæði ansi ódýr lausn, og illa rökstudd að við Íslendingar séum genetískt betri en aðrir. Að halda því fram að íslenskir handboltamenn eða íslenskar hópþímleikastúlkur séu genetískt hæfari til að ná árangri í sinni íþrótt - hljómar hjákátlega.

Enda eru engin gögn sem sýna fram á neitt slíkt. Aftur á móti eru til kenningar og gögn sem sýna hvernig hið félagslega umhverfi mótar samfélagið og einstaklingana innan þess – og hefur áhrif á hvað við teljum merkingarbært, hvað við tökum okkur fyrir hendur, og með hvaða hætti.

Greining okkar Þórólfs Þórlindssonar á íslenska handboltalandsliðinu sem náði silfurverðlaunum á Ólympíuleikunum í Beijing árið 2008, sýnir þvert á móti að íslensku leikmennirnir voru bæði minni og léttari en andstæðingarnir – sem eru ekki eiginleikar sem henta vel í handbolta – þar sem sterk fylgni er milli líkamslegs atgervis og árangurs.

En á Íslandi hefur aftur á móti myndast mjög sterk hefð fyrir handboltalandsliðinu og áhuga á „strákunum okkar“. Hefð sem hefur á ýmsan

hátt ýtt undir trú á árangur, ákveðin vinnubrögð og vinnulag – sem hefur gert íslenska landsliðinu það kleift að vera með þeim bestu í heimi.

Þær jákvæðu áherslur sem geta ýtt undir árangur fólks í samfélaginu eru stundum til staðar í þeirri menningu og hefðum sem skapast hafa. Ef þær eru ekki til staðar – þá er aftur á móti stundum hægt að búa þær til og virkja þannig áhuga og hæfileika einstaklinga – þ.e.a.s. ef nauðsynleg þekking er til staðar.

Körfuboltaþjálfarinn John Wooden er gott dæmi um þjálfara sem skapaði árangursríkt umhverfi – þegar hann þjálfaði bandaríska háskólaliðið UCLA um áratugaskeið. Wooden lagði fyrst og fremst áherslu á að kenna leikmönnum sínum góðar venjur, eins og; stundvísi, heiðarleika, að leggja sig alltaf fram, hvernig á að takast á við mótlæti, að vera góður liðsmaður, að hann lagði áherslu á að árangur er langhlaup. Wooden skilgreindi árangur jafnframt á nýjan hátt þar sem árangur er ekki endilega að sigra – heldur að leggja sig fram við að gera eins vel og maður getur.

Og þrátt fyrir að John Wooden hafi aldrei talað við leikmenn sína um að það væri mikilvægt að sigra í körfuboltaleikjum - þá varð hann sigursælasti körfuboltaþjálfari allra tíma. Það sem John Wooden gerði var að vinna með daglegar venjur og gildi. Ef við temjum okkur góð vinnubrögð á hverjum degi – þá erum við líklegri til að ná árangri.

Rannsóknir hafa til dæmis sýnt að íþróttafólk sem aðhyllist ákveðin trúarbrögð er sigursælla en íþróttafólk af öðrum trúarbrögðum - þar sem sum trúarbrögð leggja áherslu á gildi sem henta vel í keppnisíþróttir – meðan önnur gera það ekki.

Gildin í umhverfinu geta líka verið slæm. Nýlegt mál hjólreiðamannsins Lance Armstrong er gott dæmi um það – en hann hefur verið sviptur öllum sínum titlum í hjólreiðum vegna meintrar lyfjamistnotkunar. Travis Tygart hjá Bandarísku lyfjaeftirlitsstofnuninni (USADA)– er maðurinn á bak við málið gegn Lance Armstrong – en hann rannsakaði mál Armstrongs í fjölda ára. Hann sá að umhverfi atvinnuhjólreiðamanna ýtir undir misnotkun lyfja. Þar er eðlilegt að misnota lyf – þar gilda aðrar venjur og önnur gildi en í hinu almenna samfélagi. Það er annar veruleiki sem þessir hjólreiðamenn lifa og hrærast í dags daglega– en annað fólk í samfélaginu. Tygart lýsti heimi afrekshjólreiðamanna á þennan

hátt: “It was a culture of drug use, and the moral creed was, you do it if you want to be on this team, and if you don’t, the community is going to attempt to destroy you” (Saporito, 2012, bls.14).

Tygart heldur því fram að í slíkum aðstæðum þá hegði fólk sér öðruvísi en undir öðrum kringumstæðum. Hann telur til dæmis ekki að Lance Armstrong sé eitthvað sérstaklega vondur maður – að hann sé fæddur glæpamaður - heldur segir hann: “You obviously saw that people put in bad situations make bad decisions sometimes” (Saporito, 2012, bls.14)

Það sama má kannski segja um þá sem störfuðu í bankageiranum á Íslandi á árunum fyrir hrun. Þeir voru í umhverfi þar sem búið var að skilgreina upp á nýtt, hvað er eðlilegt, hvað er rétt og rangt, hvað er siðferðisleg ábyrgð, hvað má og hvað má ekki. Það þýðir ekki að allir sem störfuðu í bönkunum á árunum fyrir hrun hafi verið verri menn – heldur miklu frekar að þeir hafi verið í vondum aðstæðum.

En hvernig lærum við – hvernig öðlumst við þekkingu? Hvernig hefur hið félagslega umhverfi áhrif á viðhorf okkar, gildi og vinnubrögð?

Hefðirnar og venjurnar í kringum okkur móta okkur. Ekki endilega á augljósan hátt – heldur á dulinn hátt. Ekki endilega það sem okkur er sagt og það sem okkur er kennt - heldur frekar það sem við tökum inn – ómeðvitað – sem okkur þykir sjálfsagt og eðlilegt.

Það er sú þekking sem er ekki kerfisbundið kennd, líkt og í skólum. Þekking sem fræðimenn hafa kallað “tacit knowledge” eða dulin þekking. Dulda þekkingin liggur í umhverfinu. Í gegnum hana lærum við hvernig við eigum að hegða okkur og með hvaða hætti við tökumst á við verkefni sem við stöndum frammi fyrir.

Það er til dæmis athyglisvert að það eru sjö dæmi í sögunni um að börn Nóbelsverðlaunahafa hafi einnig unnið Nóbelsverðlaun. Þessi dæmi eru öll í greinum þar sem vinna fer fram á tilraunastofum (og helst í raunvísindum)– þar sem hópur fólks vinnur að því að leysa krefjandi verkefni – sem lið – og þar sem þekkingin flyst manna á milli. Í þessu umhverfi alast börn vísindamannanna upp, horfa á, fylgjast með og læra af foreldrum sínum og öðru góðum vísindamönnum. En það eru engin dæmi um að börn nóbelsverðlaunahafa fái einnig

Nóbelsverðlaun í einstaklingsbundnari athæfum eins og bókmenntum – þar sem rithöfundar sitja einir við skriftir.

Í þessum anda hefur Dr. Nicholas Christakis, félagsfræðingur við Harvard háskóla þróað kenningar um félagstengsl. Þessar kenningar ganga út á að við lærum og tileinkum okkur hluti úr okkar félagslega umhverfi – að miklu leiti í formi dulinnar þekkingar. Rannsóknir hans sýna til dæmis að háskólanemar sem eru herbergisfélagar nema sem leggja mikla rækt við námið – fara að læra meira; þeir sem fara út að borða með fólki sem borðar mikið – fara að borða meira; og þeir sem umgangast árangursríkt fólk – fara að ná meiri árangri.

Og áhrifin eru ekki einskorðuð við fólk sem við þekkjum eða erum í beinum samskiptum við – heldur koma þau einnig frá fólki sem vinir okkar þekka – en við hittum kannski aldrei.

Christakis segir jafnframt – það er til dæmis erfitt að fá fólk til að hætta að reykja með því að segja því að reykningar séu hættulegar – besta leiðin til að fá fólk til að hætta að reykja er að umkringja það fólk sem reykir ekki.

Að sama skapi má ætla að besta leiðin til að skapa árangursríkt íþróttastarf sé að búa til umhverfi sem stendur fyrir jákvæð og uppbyggileg gildi – sem hvetja iðkendur íþróttar til að tileikna sér þessi gildi og hegða sér á ákveðinn hátt - ....án þess kannski að þurfa að segja þeim það.

Það þarf að skoða betur hvernig hið félagslega umhverfi ýtir undir og hvetur til árangurs - og hvernig það dregur úr árangri; það þarf að skoða betur hvernig hið félagslega umhverfi ýtir undir jákvæð og uppbyggileg gildi fyrir íþróttir og samfélag - og þá hvernig og hvenær það gerir það ekki. Því án þekkingar á áhrifum hins félagslega umhverfis þá verður skilningur okkar á árangri – alltaf takmörkunum háður.

Glæpamenn eru ekki fæddir glæpamenn.

Afreksíþróttamenn eru ekki fæddir snillingar.

Hvorir um sig eru að einhverju leiti mótaðir af hinu félagslega umhverfi.

Hvort við sköpum góðar eða vondar venjur – er undir okkur komið. Við getum náð enn meiri árangri er varðar uppeldishlutverk íþróttar – og við getum náð enn meiri árangri á vettvangi afreksíþróttar.

Það er í þessari nálgun sem sóknarfærin okkar liggja. Því tengsl hins félagslega umhverfis og árangurs eru enn óplægður akur.

Mig langar að enda á þessari tilvitnun – sem upprunalega er úr Grettissögu – þar sem útlaginn Grettir Ásmundarson – fór yfir lífssferil sinn og áttaði sig á því að hann var gerður og mótaður af mörgum öflum; væntanlega af erfðum, uppeldi og félagslegum kringumstæðum.

En hann sagði: “...enginn maður skapar sig sjálfur”

En þó svo að hið félagslega umhverfi móti okkur að einhverju leyti – þá stjórnar það ekki öllum okkar gerðum – því leyfi ég mér að bæta inn einu orði í tilvitnun Grettis – sem hljóðar þá svo:

“...enginn maður skapar sig [algjörlega] sjálfur.”

Takk fyrir.

Helstu heimildir:

Bloom, B. (ristj.) (1985). *Developing Talent in Young People*. New York: Ballantine.

Christakis, N.A. og Fowler, J.H. (2009). *Connected: The surprising power of social networks and how they shape our lives*. New York: Little Brown & Company.

Merton, R.K. ([1960]/1973). Recognition and excellence: Instructive ambiguities. Í R.K. Merton, *The Sociology of Science: Theoretical and empirical investigations*. Chicago: The University of Chicago Press.

Saporito, B. (2012). Armstrong's Ahab: This anti-doping cop brought down a cycling icon. *Time*, 180, 18: 14-15.